

STEFNA UM ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

MARKMIÐ ÍSLANDSSJÓÐA

Meginmarkmið Íslandssjóða er að skila viðskiptavinum sínum góðri áhættuleiðréttri ávöxtun og uppfylla kröfur þeirra og þarfir þeirra um eignadreifingu. Markmiðinu er meðal annars náð með því að fjárfesta með ábyrgum hætti og sýna frumkvæði þegar kemur að umhverfisvernd, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS).

Íslandssjóðir hafa markað stefnu og þróað verkferla til að tryggja að allar fjárfestingar standist þær kröfur sem félagið hefur sett sér um UFS þætti. Við beitum aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga í allri okkar vinnu og teljum að þannig getum við haft jákvæð áhrif á samfélag og sjálfbærni, viðskipavinum og öðrum til góðs.

Íslandssjóðir telja heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna stuðla að bættri stöðu mannkyns og verndun lífríkis jarðar. Til að yfirlýst markmið náist fyrir árið 2030 þurfa allir að leggjast á áramnar. Félagið hefur ákveðið að leggja sérstaka áherslu þrjú heimsmarkmið: Aðgerðir í loftlagsmálum, nýsköpun og uppbyggingu og jafnrétti kynjanna.

GRUNDVÖLLUR STEFNU UM ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

Á árinu 2017 undirritaði stjórn Íslandssjóða meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI). Með því skuldbundum við okkur til að samþætta UFS þætti inn í allar okkar greiningarvinnu, ákvarðanatöku og virkt eignarhald. Þar að auki byggir stefna okkar í ábyrgum fjárfestingum á helstu viðmiðum sem um þær gilda ásamt okkar eigin starfsreglum.

AÐFERÐAFRÆÐI

Við beitum áhrifafjárfestingum á innlendum markaði. Markmið okkar er að skapa jákvæð og mælanleg áhrif á umhverfi og samfélag til viðbótar við að skila fjárhagslegum ábata. Við beitum virku eignarhaldi og tókum tillit til UFS þátta í greiningarvinnu. Við eigum virkar samræður við stjórnendur fyrirtækja á innlendum markaði og við sjóðsstjóra fjárfestingarsjóða hjá erlendum samstarfaðilum. Við köllum eftir upplýsingum um UFS þætti þar sem við á. Á erlendum mörkuðum beitum við einnig útilokun og höldum úti athugunarlista yfir þau fyrirtæki sem við teljum ekki standast kröfur okkar þegar kemur að UFS þáttum.

ÁHRIFAFJÁRFESTINGAR

Íslandssjóðir stofnuðu sjóðinn IS Græn skuldabréf sem hefur það að meginmarkmiði að fjárfesta í skuldabréfum sem hafa verið gefin út til að fjármagna verkefni sem hafa jákvæð áhrif á þróun í umhverfis- og samfélagsmálum, þ.e. grænum og félagslegum skuldabréfum skráðum á Nasdaq Iceland. Í áhrifafjárfestingum er mikilvægt að geta sýnt fram á og birta mælanlegan ávinning af fjárfestingum og hafa Íslandssjóðir gengið til samstarfs við sérhæft þekkingarfyrirtæki á sviði sjálfbærni til að reikna út og birta gögn yfir áhrif sjóðsins.

Áhrifafjárfestingum er einnig beitt í framtaksfjárfestingum hjá Íslandssjóðum en þar felast mikil tækifæri til að hafa bein áhrif á rekstur fyrirtækja. Við teljum að tækifæri felist í því að finna fyrirtæki sem geta bætt frammistöðu sína þegar kemur að UFS þáttum og þannig aukið verðmæti félaganna.

VIRKAR SAMRÆÐUR

Íslandssjóðir, fyrir hönd sjóðsfélaga, telja mikilvægt að nýta þann rétt sem fylgir fjárfestingum í einstökum félögum til umbóta. Það er gert með tvennum hætti á innlendum hlutabréfamarkaði. Annars vegar með nýtingu atkvæðaréttar á hluthafafundum og hins vegar með samtali við stjórnendur. Þannig getum við haft jákvæð áhrif á UFS þætti.

Ákvarðanir um með hvaða hætti virkum samræðum er beitt fer eftir mati á fyrirtækjunum á hverjum tíma, stærð fjárfestingarinnar og mati á því hvaða áhrif við getum haft. Ef fyrirtæki verða ekki við ítrekuðum ábendingum er útilokun beitt.

Ef þeir virku sjóðir sem við höfum fjárfest í, eiga í fyrirtækjum sem eru á athugunarlista Íslandssjóða skoðum við þá sérstaklega. Við sendum þeim spurningar tvisvar á ári til að fá rökstuðning fyrir eignarhaldinu út frá UFS þáttum auk þess sem kannað er hversu virkur sjóðurinn er sem hluthafi fyrir hönd sjóðfélaga. Ef svör eru metin ófullnægjandi er útilokun beitt. Ef eignir á athugunarlista eru yfir 5% vægi þá eru sjóðirnir teknir til sérstakrar skoðunar og seldir ef ekki er líklegt að sú staða muni breytast.

NEIKVÆÐ SKIMUN

Grundvöllur fjárfestinga Íslandssjóða á erlendum mörkuðum er að fyrirtækin og sjóðirnir sem fjárfest er í fylgi alþjóðalögum, almennum viðmiðum og alþjóðasamningum.

Íslandssjóðir fjárfesta því ekki í:

- Fyrirtækjum sem brjóta skipulega og alvarlega gegn alþjóðalögum og mannréttindum.
- Fyrirtækjum sem framleiða eða selja umdeild vopn þar með talið kjarnavopn, jarðsprengjur, klasasprengjur, sýklavopn og efnavopn.
- Fyrirtækjum sem verða uppvís af alvarlegum umhverfisspjöllum.
- Fyrirtækjum sem verða uppvís af spillingu eða efnahagsbrotum.

Fyrirtæki og sjóðir eru útilokaðir ef brot eru álitin alvarleg eða líklegt er að þau endurtaki sig. Sjóðir eru ekki útilokaðir ef um óverulegan eignarhlut er að ræða.

Viðmiðið er að þeir sjóðir sem fjárfest er í eigi ekki meira en 5% í fyrirtækjum sem framleiða vörur eða eru í iðnaði sem er ósjálfbær eða geta valdið miklum félagslegum-, umhverfislegum- eða heilsufarslegum skaða. Sem dæmi má nefna framleiðslu og sölu eftirfarandi vara:

- Tóbak.
- Kannabis til tómstundaneyslu.
- Kol.
- Olía unnin úr olíusandi.
- Pálmaolía sem ekki uppfyllir skilyrði um sjálfbærni.

Útilokun er þrautavaraalausn og einungis beitt ef fyrirtæki eða sjóðir hafa ekki brugðist við ábendingum. Ef fyrirtæki sýna fram á jákvæðar breytingar eru þau jafnan tekin af athugunarlista.

ATHUGUNARLISTI

Tvisvar á ári birta Íslandssjóðir lista yfir erlend félög sem brjóta í bága við ofangreind skilyrði. Listinn er aðallega unnin út frá gögnum frá fjármálafyrirtækinu Storebrand en einnig er stuðst við gögn frá öðrum erlendum fagaðilum svo sem Vanguard og Blackrock.

RÍKISSKULDABRÉF

Íslandssjóðir fjárfesta ekki í ríkisskuldabréfum landa sem eru kerfislega spillt, vanvirða grundvallar félagsleg- og pólitísk réttindi eða lúta refsiaðgerðum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

SAMBÆTTING UFS ÞÁTTA VIÐ FJÁRHAGSLEGAR GREININGAR

Aðferðin fléttar UFS þætti inn í hefðbundnar fjárhagslegar greiningar. Við virðismat eru áhrif UFS þátta hluti af forsendum og geta þar með haft áhrif á ávöxtunarkröfu við greiningar og verðmat. Þannig er tekið tillit til UFS þátta og horft til þeirra líkt og annarra hefðbundinna fjárhagslegra atriða í greiningarvinnu.

Sjálfbærni er ein af forsendum þess að góð langtímaávöxtun náist og eru traustar upplýsingar grundvöllur þess að hægt sé að meta ógnir og tækifæri sem leynast í rekstri fyrirtækja. Skortur á samræmdum mælitækjum og upplýsingagjöf eru helstu vankantarnir við þessa aðferðafræði. Töluverð þróun hefur orðið á framsetningu mælikvarða sem ná yfir UFS þætti og má í því sambandi benda á viðmið Nasdaq. Íslandssjóðir nýta þau gögn í greiningum sínum, en gæði gagnanna mun aukast eftir því sem fleiri fyrirtæki á innlendum markaði birta slíkar upplýsingarnar og gagnagrunnur verður til sem hægt er að nýta til samanburðar. Rekstur fyrirtækja sem skráð eru í kauphöll er afar ólíkur og því mismunandi hvaða þættir eiga við í hverju tilfelli.

AÐILDARFÉLÖG OG VIÐURKENNINGAR

Íslandssjóðum er umhugað um að koma málefnum sjálfbærni á framfæri og eru m.a. stofnaðili að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi. Tilgangur samtakanna er að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um aðferðafræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga.

Auk þess hefur Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti árlega frá 2013 veitt Íslandssjóðum viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum.

UPPLÝSINGAGJÖF

Íslandssjóðir munu birta framvinduskýrslu UNPRI, hvernig meðferð atkvæða er háttáð á aðalfundum, athugunarlista í erlendum hlutabréfum og erlendum skuldabréfum. Einnig munu Íslandssjóðir birta mat á því hvernig fjárfestingar sjóðsins IS Græn skuldabréf stuðla að minni losun koltvísýrings.

UNDIRRITAÐIR SAMNINGAR, SÁTTMÁLAR OG LEIÐARLJÓS

- Meginreglur PRI (e. Principals of Responsible Investing).
- UFS leiðbeiningar Nasdaq.
- Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.
- Alheimssamningur Sameinuðu þjóðanna (e.UN Global Compact).
- Meginreglur OECD um góða stjórnarhætti (e The OECD Principles of Corporate Governanc).
- Meginreglur OECD um fjölþjóðleg fyrirtæki,(e.The OECD Guidelines for Multinational Enterprises).
- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna (e.The Universal Declaration of Human Rights).
- Meginreglur Sameinuðu Þjóðanna fyrir viðskipti og mannréttindi (e.The UN Guiding Principles on Business and Human Rights).
- Meginreglur um réttindi barna og viðskipti (e.The Children's Rights and Business Principles).
- Staðlar Alþjóða Vinnumálastofnunarinnar (e.The ILO conventions on labour standards).

- Rio de Janeiro yfirlýsingin um umhverfi og þróun (e.The Rio Declaration on Environment and Development).
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um spillingu (e.The UN Convention on Corruption).
- Samningur um klasasprengrur (e.The Convention on Cluster Munition).

Samþykkt af stjórn Íslandssjóða hf. 19. maí 2020.